

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/920/EB frá 11. ágúst 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „rekstur og umferðarstjórn“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37k. **32006 D 0920**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/920/EB frá 11. ágúst 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „rekstur og umferðarstjórn“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu (Stjtið. ESB L 359, 18.12.2006, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/920/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 26, og EES-viðbætið við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 359, 18.12.2006, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.